

6. gr.

Neðan vörslugirðingarinnar skal allt búfé vera í tryggum girðingum á ábyrgð eigenda, þegar það er ekki í húsi. Sauðfé skal flytja til sumarbeitar út fyrir vörslugirðinguna svo skjótt, sem gróður og aðstæður leyfa á vorin.

Þess skal ætíð gæta að loka hliðum vörslugirðingarinnar tryggilega og virða í hvívetna þær reglur sem gæslumenn hennar setja.

7. gr.

Gæslumenn vörslugirðingarinnar skulu eftir atvikum og aðstæðum setja í örugga vörslu eða reka út fyrir hana sauðfé sem finnst á lausagöngu hvar sem er innan hennar, á þeim tíma sem fé á að vera í afrétti eða öðrum upprekstrarlöndum. Utan þess tíma skal allt sauðfé á lausagöngu sett í örugga vörslu og hið sama gildir um nautgripi, geitfé, hross og annað búfé á öllum tímum árs.

Nú er búfé handsamað í lausagöngu innan vörslugirðingar og skal þá eigendum tilkynnt um það og þeim gert að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

8. gr.

Gæslumenn vörslugirðingar skulu halda skrá um lausagöngufénað og eigendur hans með sem gleggstum upplýsingum um einstaka gripi, svo sem um mörk, númer og lit. Skal senda viðkomandi búfjáreigendum og félögum búfjáreigenda skrána eftir því sem ástæða þykir til.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er út gildi felld reglugerð nr. 148 frá 9. júlí 1964 um búfjárhald í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1986.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 262 600,00.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 18 900,00.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1986 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hünbogi Þorsteinsson.